



RAMMASAMNINGUR

September 2019



Undirritaðir aðilar, Klappir Grænar Lausnir hf., kt. 630914-1080, Austurstræti 17, 101 Reykjavík (hér eftir nefnt „Klappir“ eða „félagið“), og Hafnasamband Íslands., kt. 630173-0279, Borgartúni 30, 128 Reykjavík (hér eftir nefnt „Hafnasambandið“), hafa komið sér saman um svofelldan samning:

1 Tilgangur og markmið

- 1.1 Tilgangur samnings þessa er tvíþættur. Annars vegar er að staðfesta með formlegum hætti samstarf Klappa og Hafnasambandsins og hins vegar að skapa umgjörð utan um verkferla sem allar hafnir innan Hafnasambandsins geti nýtt sér til að taka upp hugbúnaðarlausnir Klappa. Rammasamningur þessi kemur þá til fyllingar samningum sem verða gerðir við hverja höfn fyrir sig og verður fylgiskjal með þeim samningum.
- 1.2 Markmið Hafnasambandsins er að nota stafræna tækni (Klappir PortMaster) til að auðvelda umsýslu, greiningu og miðlun umhverfisupplýsinga frá skipum á samræmdan hátt hjá öllum höfnum innan Hafnasambandsins. Einnig til að tryggja að sú þjónusta sem veitt er á hafnasvæðum sé í samræmi við reglur hafna og landslög.
- 1.3 Klappir mun samhliða samningi þessum gera samninga við þá hafnarsjóði sem óskar eftir því að nota stafrænar lausnir í starfsemi sinni.

Kerfi Klappa nýtir upplýsingar úr „Safe SeaNet“, sem er upplýsingakerfi EMSA og Klappir Log central.

2 Um Klappir PortMaster

- 2.1 Klappir PortMaster hefur verið þróaður í samvinnu við Faxaflóahafnir og er þegar í notkun hjá þeim.
- 2.2 PortMaster-inn dregur úr allri handvirkri umsýslu varðandi gögn frá SafeSeonet og frá Klappir LogCentral og tryggir að upplýsingagjöf til Umhverfisstofnunnar verður stöðluð. Eftirlit með frávikum í skráningum verður traust sem gefur höfnum möguleika á því að fá aðila til að bæta nákvæmni í skráningu á umhverfisupplýsingum.
- 2.3 PortMaster-inn heldur utan um skráningar vegna IMO MARPOL Annex I-VI einnig áhafna- og farþegalista.
- 2.4 Til viðbótar verður þróaður aðgangur fyrir þjónustuaðila til að skrá inn upplýsingar um þá þjónustu sem veitt er innan hafnarsvæða. Hér er m.a. um að ræða upplýsingar um móttöku á úrgangi og afhendingu eldsneytis. Sérstakt færslugjald verður innheimt af þjónustuaðilum vegna þessa aðgangs.

3 Innleiðing og áskriftargjöld.

- 3.1 Hafnasambandið greiða Klöppum eingreiðslu, sem er sérstakt innleiðingar og þróunargjald að fjárhæð kr. 1.500.000 auk vsk. sem greiðist við undirritun samnings.
- 3.2 Gagnvart einstökum höfnum gilda eftirfarandi þóknanir;



- að fyrir hvert SafeSeaNet skeyti greiðist kr. 1.000 auk vsk.
 - að fyrir hvert LogCentral skeyti greiðist kr. 1.000 auk vsk.
 - að hver hafnarsjóður greiði fast árgjald/skráningargjald að fjárhæð kr. 10.000 án vsk. Inni í þeirri fjárhæð er þjónusta við að setja kerfið upp hjá hverjum hafnarsjóði.
- 3.3 Öll viðbótarþjónusta sem einstakar hafnir kalla eftir, annað hvort viðbótar hugbúnaður eða ráðgjöf er greidd samkvæmt gjaldskrá Klappa eins og hún er hverju sinni og ekki innifalinn í rammisamningi þessum
- 3.4 Fjárhæðir samkvæmt grein 3.2. taka breytingum samkvæmt á launavísitölu. Grunnvísitala er vísitala ágúst mánaðar 2019, sem er 691,3 stig (grunnur 1989). Hækkun tekur gildi á 12 mánaða fresti í fyrsta sinn í janúar 2020.

4 Höfundarréttur og notkunarréttur

- 4.1 Allur hugbúnaður er eign Klappa.
- 4.2 Hugbúnaður Klappa sér um bakvinnslu upplýsinga frá SafeSeaNet og LogCentral. Þessar upplýsingar og gögn eru eign hvernar hafnar.
- 4.3 Klappir hafa leyfi til að nota gögnin til áframhaldandi þróunar á hugbúnaðinum og til að miðla upplýsingum með sjálfvirkum hætti til Umhverfisstofnunnar og annara opinberra eftirlitsaðila sem rétt eiga á upplýsingunum samkvæmt lögum og reglugerðum.

5 Gildistími og uppsögn

- 5.1 Samningur þessi er ótímabundinn og gildir þar til honum hefur verið sagt upp skriflega af öðrum hvorum samningsaðilanum með 12 mánaða fyrirvara, nema aðilar verði ásáttir um annað. Tekur uppsögnin gildi 1. dag næsta mánaðar eftir dagsetningu bréfsins. Uppsögn skal send skriflega og með sannanlegum hætti.

6 Trúnaður

- 6.1 Klappir munu gæta trúnaðar um öll þau atriði sem starfsmenn kunna að fá vitneskju um í starfi sínu fyrir Hafnasambandið og einstakar hafnir. Þar með talin fjárhagslegar upplýsingar, þ.e. upplýsingar um tekjur, gjöld, eignir (þar á meðal óáþreifanlegar eignir, hugverkaréttindi, starfsfólk, og atvinnuleyndarmál), skuldir og um verðlagningu eða magn keyptrar eða seldrar þjónustu; upplýsingar um birgja og þjónustu, þ.e. nöfn þeirra, skilmála, samninga eða sambærilegar upplýsingar; upplýsingar um markaðsmál, þ.e. um fyrirhugaðar eða yfirstandandi markaðsaðgerðir, einnig upplýsingar um viðskiptamenn vinnuveitanda.
- 6.2 Trúnaðarskylda tekur ekki til gagna sem gerð eru opinber, nema gögnin hafi verið gerð opinber með ólöglegum hætti. Trúnaðarskyldan helst eftir að samningssambandi aðila fellur niður.
- 6.3 Starfsmenn Klappa sem koma að störfum samkvæmt þjónustu samningi þessum eru bundnir trúnaðar- og þagnarskyldu um þau verkefni sem þeim eru falin. Trúnaður og þagnarskylda helst þótt starfsmenn Klappa láti af störfum fyrir félagið.
- 6.4 Ákvæði þessarar greinar takmarka ekki Klappir í að veita svipaða þjónustu til annarra viðskiptamanna svo framarlega sem ákvæðin um trúnaðarskyldu eru virt.



6.5 Aðilar eru sammála um að fara með efni Rammasamningsins og annarra viðskiptasamninga sín á milli sem trúnaðarmál. Tilvist Rammasamnings þessa er hins vegar ekki trúnaðarmál.

7 Önnur ákvæði

- 7.1 Rísi ágreiningur milli samningsaðila um efni þessa samnings, efndir hans eða annað, sem samningurinn tekur til, skal reka þann ágreining fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.
- 7.2 Rammasamningur þessi er gerður í tveimur samhljóða eintökum og heldur hvor aðili sínu eintaki

Reykjavík, 27. september 2019

F.h. Hafnasambands Íslands.

F.h. Klappir Grænar Lausnir hf.

Vottar að rétttri dagsetningu og undirskrift aðila:

Nafn

Kennitala

Nafn

Kennitala



VIÐAUKI 1 - ÞJÓNUSTUSAMNINGUR FYRIR HAFNIR - SÝNISHORN

- (1) Klappir Grænar Lausnir hf., kt. 630914-1080, Austurstræti 17, 101 Reykjavík (hér eftir nefnt „Klappir“ eða „félagið“), og
- (2) Faxaflóahafnir sf., kt. 530269-7529, Tryggvagötu 17, 101 Reykjavík (hér eftir nefnt „Faxaflóahafnir“), (hér eftir nefnt „Höfnin“), hafa komið sér saman um svofelldan samning:
hvor um sig nefndur „aðili“ og sameiginlega nefndir „aðilar“.

1 Tilgangur og markmið

- 1.1 Markmið aðila er að nota stafræna tækni (Klappir PortMaster) til að auðvelda umsýslu, greiningu og miðlun umhverfisupplýsinga frá skipum á samræmdan hátt hjá höfnum á Íslandi. Öllum höfnum landsins. Einnig til að tryggja að sú þjónusta sem veitt er á hafnarsvæðum sé í samræmi við reglur hafna og landslög. Hraði innleiðingar verður að öllu leyti stýrt af höfninni í samráði við Klappir.
- 1.2 PortMaster-inn dregur úr allri handvirkri umsýslu varðandi gögn frá SafeSeonet og frá Klappir LogCentral og tryggir að upplýsingagjöf til Umhverfisstofnunnar verður stöðluð. Eftirlit með frávikum í skráningum verður traust sem gefur höfnum möguleika á því að fá aðila til að bæta nákvæmni í skráningu á umhverfisupplýsingum.
- 1.3 PortMaster-inn heldur utan um skráningar vegna IMO MARPOL Annex I-VI einnig áhafna- og farþegalista.
- 1.4 Þróaður verður aðgangur fyrir höfnina til að skrá inn upplýsingar um þá þjónustu sem veitt hefur verið á svæði hafnar. Hér er um að ræða upplýsingar um móttöku á úrgangi og afhendingu eldsneytis. Sérstakt færslugjald verður innheimt vegna þessa aðgangs.

2 Áskriftargjöld.

- 2.1 Fyrir afnot af PortMaster skal höfnin greiða fast árgjald/skráningargjald að fjárhæð kr. 10.000 auk vsk. Inni í þeirri fjárhæð er þjónusta við að setja kerfið upp og viðhald hjá gagnvart notanda. Gjaldldagi er í janúar ár hvert.
- 2.2 Höfnin skal greiða eftirfarandi þóknunir til Klappa vegna notkunar á hugbúnaðinum PortMaster.
 - fyrir hvert SafeSeaNet skeyti greiðast kr. 1.000 án vsk.
 - fyrir hvert LogCentral skeyti greiðist kr. 1.000 án vsk.
- 2.3 Allar fjárhæðir í samningi þessum eru án vsk. Við reikningagerð bætist vsk. við reikning Klappa.
- 2.4 Öll viðbótarþjónusta sem höfnin einstakar hafnir kallar eftir, hvort heldur sem er annar hugbúnaður en PortMaster eða ráðgjöf er greidd samkvæmt gjaldskrá Klappa eins og hún er hverju sinni og ekki innifalinn í þjónustusamningi sammasamningi þessum
- 2.5 Fjárhæðir samkvæmt grein 2.2. taka breytingum samkvæmt á-launavísitölu. Grunnvísitala er vísitala júlí mánaðar 2019, sem er 691,3 stig (grunnur 1989. Hækkun tekur gildi á 12 mánaða fresti í fyrsta sinn í ágúst 2020.



3 Höfundarréttur og notkunarréttur

- 3.1 Allur hugbúnaður er eign Klappa. Með skráningu í hugbúnaðarkerfi Klappa gengst höfnin undir þá almennu skilmála sem varða hugbúnað Klappa og notkun hans.
- 3.2 Hugbúnaður Klappa sér um bakvinnslu upplýsinga frá SafeSeaNet og LogCentral. Þessar upplýsingar og gögn eru eign hafnarinnar. ~~hverrar hafnar.~~
- 3.3 Klappir hafa leyfi til að nota gögnin til áframhaldandi þróunar á hugbúnaðinum og til að miðla upplýsingum með sjálfvirkum hætti til Umhverfisstofnunnar og annara opinberra eftirlitsaðila sem rétt eiga á upplýsingunum samkvæmt lögum og reglugerðum.

4 Gildistími og uppsögn

- 4.1 Samningur þessi er ótímabundinn og gildir þar til honum hefur verið sagt upp skriflega af öðrum hvorum samningsaðilanum með 12 mánaða fyrirvara, nema aðilar verði ástáttir um annað. Tekur uppsögnin gildi 1. dag næsta mánaðar eftir dagsetningu bréfsins. Uppsögn skal send skriflega og með sannanlegum hætti.

5 Viðaukar

- 5.1 Rammasamningur milli Klappa og Hafnasambandsins er viðaukasamningur með samningi þessum og gilda ákvæði hans um trúnaðar og þagnarskyldu aðila.

6 Önnur ákvæði.

- 6.1 Rísi ágreiningur milli samningsaðila um efni þessa samnings, efndir hans eða annað, sem samningurinn tekur til, skal reka þann ágreining fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.
- 6.2 Samningur þessi er gerður í tveimur samhljóða eintökum og heldur hvor aðili sínu eintaki.

Reykjavík, 27. september 2019.

f.h. Klappa Grænna Launsa

f.h. Faxaflóahafna